



**8.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 26.mars, kl.08:15.**

**Mætt: Eypór H. Ólafsson formaður, Helgi S Haraldsson, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson og Rakel Sveinsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður nefndarinnar.**

**1. Staða uppgjóra stofnana fyrir árið 2018.**

Ingibjörg fór yfir stöðu uppgjóra stofnana. Þau eru ekki tilbúin en allar stofnanir búnar að skila inn og er á leið til endurskoðunar. Verður sent til stofnananna og stjórnna þeirra um leið og hægt er. Verður ekki fyrir en eftir fyrstu viku apríls.

**2. Vorfundur Héraðsnefndar.**

Rætt um tímasetningu og staðsetningu vorfundarins. Stefnt á byrjun maí og að hann verði í Árnesi.

**3. Málefni Laxabakka í landi Öndverðarness.**

Farið yfir stöðu málsins. Kröfu Gamla bæjarins um lóðamál og uppbyggingu þjónustu á staðnum. Landvernd leggst gegn allri uppbyggingu og aukinni umferð um ósnortið land. Fundað hefur verið með GOGG og Landvernd, varðandi skipulag svæðisins og uppbyggingaráform eiganda hússins. Ekki er andstaða við endurgerð hússins sjálfs að neinu leiti, aðeins um frekari uppbyggingu á svæðinu. Lóðamál ekki á hreinu. Reynt verður áfram að ná sáttum í málinu, annars verða málin að fara til dómstóla til úrlausnar.

**4. Sameiginleg mál stofnana.**

Kallað hefur verið eftir, frá stofnunum nefndarinnar, upplýsingum varðandi kostnað við einstaka rekstrarliði, s.s tryggingar, tölvumál, öryggiskerfi og endurskoðun. Samþykkt að fara í útboð/verðkannanir á þessum málum í heild sinni. Ingibjörgu falið að skoða með að leita tilboða í endurskoðunina. Eypór fer í að skoða öryggiskerfi og eftirlit, Eypór athuga einnig með upplýsingar um aðila til að taka að

*KB* *AB* *HA*  
*AB*

sér að bjóða út tryggingar og Helgi athuga með tölvumálin, hvernig best er að standa að útboði/verðkönnun á þeim.

5. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns.

Rakel upplýsti að í framhaldi af kynningu á möguleikum á nýbyggingu í Þorlákshöfn, fyrir safnið kæmi þar til greina að leigja safninu aðstöðuna í húsinu.

Vegna áhuga annarra héraðsskjalasafna á Suðurlandi, um frekari samvinnu eða sameiningu, þarf að hafa samband við eigendur þeirra um næstu skref í málinu.

6. Húsnæðismál byggðasafnsins.

Samþykkt að Árni Eiríksson, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Eggert Valur Guðmundsson, skipi byggingarnefnd, varðandi breytingar á húsnæðinu að Búðarstíg og flutning safnsins þangað.

Fundi slitið kl. 10:00.

Helgi Sigurður Haraldsson ritaði fundargerð.

Árni Eiríksson  
Helgi S. Haraldsson  
Rakel Svendsdóttir  
Eyþór H. Ólafsson  
Kjartan Björnsson